



## Reglur fyrir Deildakeppni Badmintonsambands Íslands

### 1. grein

Deildakeppni Badmintonsambands Íslands (BSÍ) í badminton er liðakeppni félaga innan vébanda ÍSí.

Leikið skal hverju sinni eftir samþykktum alþjóðareglum og samkvæmt skipulagsreglum BSÍ um keppni þessa. Leikið skal samkvæmt eftirfarandi reglum um Deildarkeppni BSÍ og mótareglum BSÍ, þar sem við á. Ef þessar reglur ná ekki yfir einhver atriði sem upp koma þá gilda reglur Badmintonsambands Evrópu og BWF.

### 2. grein

#### **Þátttakendur:**

- Öll félög sem taka þátt skulu vera aðildarfélög BSÍ.
- Hverju félagi er heimilt að senda eitt eða fleiri lið til þátttöku.
- BSÍ tekur við skráningu liðanna og setur upp í League planner, birtir á Tournament software og tilkynnir félögum.
- Allir leikmenn liða skulu vera skráðir í félag innan BSÍ og keppa fyrir það félag.
- Úrvalsdeild
  - Allir leikmenn hafa þátttökurétt í Úrvalsdeild.
  - Leikmenn sem eru í Úrvalsdeild í tveimur greinum eða fleiri, þeim styrkleikalista sem farið er eftir samkvæmt mótisboði, verða að spila í Úrvalsdeild.
- 1. deild
  - Leikmenn sem eru í 1. deild í tveimur greinum eða fleiri, á þeim styrkleikalista sem farið er eftir samkvæmt mótisboði, verða að spila í 1. deild en geta þó valið að spila í Úrvalsdeild kjósi þeir það frekar.
  - Leikmenn hafa ekki þátttökurétt í 1. deild ef þeir hafa orðið Íslandsmeistarar í einhverri grein í efstu deild þ.e. í Úrvalsdeild eða Meistaraflokki þegar það var, nema þeir séu 40 ára á árinu eða eldri.
- 2. deild
  - Leikmaður hefur ekki þátttökurétt í 2. deild ef:

- Leikmaður hefur verið færður upp í efstu deild þ.e. Meistaraflokk þegar það var og hét á einhverjum tímamarki.
  - Leikmaður hefur unnið sig upp í Úrvalsdeild samkvæmt styrkleikalista á einhverjum tímamarki.
  - Leikmaður hefur orðið Íslandsmeistari í A flokki / 1. deild nema hann sé 40 ára á árinu eða eldri og ekki í tveimur greinum eða fleiri í 1. deild, á þeim styrkleikalista sem farið er eftir samkvæmt mótsoði.
- Leikmenn 55 ára á árinu og eldri geta ávallt spilað í 2. deild nema þeir séu á þeim styrkleikalista sem farið er eftir samkvæmt mótsoði, í tveimur greinum eða fleiri í Úrvalsdeild.
- Leikmannafjöldi í hverju liði þarf að vera að lágmarki fjórir í Úrvalsdeild, tveir karlar og tvær konur og lágmark sex í 1. deild og 2. deild, fjórir karlar og tvær konur.
- Varðandi félagaskipti leikmanna gilda félagaskiptareglur BSÍ.
- Allir félagsmenn hvers félags geta verið á varamannalista.
- Íslenskir ríkisborgarar búsettir erlendis eiga alltaf keppnisrétt á Íslandsmótum.
- Erlendir ríkisborgarar:
  - Erlendir ríkisborgarar hafa **þátttökurétt** í Deildakeppni BSÍ hafi þeir verið búsettir hér á landi undanfarna 30 daga eða eigi lögheimili á Íslandi.
  - Erlendir ríkisborgarar verða að vera skráðir í félag innan BSÍ og keppa fyrir það félag.
  - Þátttöku erlendra ríkisborgara þarf að tilkynna til BSÍ eins og um félagaskipti sé að ræða. Nýskráningu erlends keppanda þarf að senda skriflega til BSÍ, á [deildarkeppni@badminton.is](mailto:deildarkeppni@badminton.is). Þrjátíu dögum síðar er keppandinn kominn með keppnisrétt fyrir félagið.

### 3. Grein

#### Deildarskipting:

- Í keppninni eru þrjár deildir: Úrvalsdeild, 1. deild og 2. deild

### 4. grein

#### Keppnisfyrirkomulag:

- Keppni tveggja liða í Úrvalsdeild eru samtals 5 leikir sem hér segir:
  - 1 einliðaleikur karla
  - 1 einliðaleikur kvenna
  - 1 tvíliðaleikur karla
  - 1 tvíliðaleikur kvenna
  - 1 tvenndarleikur

- Keppni tveggja liða í 1. deild og 2. deild eru samtals 7 leikir sem hér segir:
  - o 2 einliðaleikir karla, í styrkleikaröð
  - o 1 einliðaleikur kvenna
  - o 2 tvíliðaleikir karla
  - o 1 tvíliðaleikur kvenna
  - o 1 tvenndarleikur
  
- Í upphafi keppnistímabils þarf að skrá fjölda liða frá hverju félagi, fyrir lok skráningardags. Tveimur vikum seinna, fyrir ákveðna tímasetningu, þarf að senda inn nafnalista fyrir hvert lið.
- Hverju félagi er heimilt að senda eitt eða fleiri lið til þátttöku. Einnig geta félög sameinast um lið.
- Heiti liðs skal auðkenna með heiti félags. Ásamt því er heimilt að auðkenna liðin með íslensku nafni, tölustaf eða bókstaf.
- Leikjaniðurröðun í hverri viðureign er samkvæmt samkomulagi fyrirliða liðanna. Ef ekki næst samkomulag skal leika samkvæmt niðurröðuninni hér að ofan.
- Hver leikmaður má leika tvo leiki í keppni tveggja liða og þá ekki í sömu grein.
- Ef leikmaður er í tveimur leikjum í röð á hann rétt á amk. 15 mínútna hvíld á milli leikjanna.
- Sigur í hverri viðureign gefur 2 stig.
- Sigurliðið í hverri deild er Íslandsmeistari deildarinnar.
- Sigurlið / efstu lið Úrvalsdeildar vinnur / vinna sér inn keppnisrétt í Evrópukeppni félagsliða, mv. reglur BE hverju sinni um fjölda liða frá hverju landi.
- Sérhver leikmaður getur aðeins verið skráður í eitt lið og er í því liði út tímabilið.
- Liðsuppstillingu skal senda á [deildakeppni@badminton.is](mailto:deildakeppni@badminton.is) 4 klst. fyrir hverja viðureign.
- Fyrirliðar liðanna fylla út í sameiningu eitt liðsuppstillingarblað og skrá þar inn öll úrslit. Mikilvægt er að skrá rétt úrslit þ.e. lotur og stig.
- Senda skal inn úrslit til BSÍ, á [deildakeppni@badminton.is](mailto:deildakeppni@badminton.is), strax að leik loknum. Fyrirliðar bera ábyrgð á að þetta sé gert.
- Ef leikur er gefinn, áður en hann hefst, eru úrslit skráð 21-0 og 21-0. Ef leikur er gefinn, eftir að hann hefst, er skráð eins og leikurinn hefði klárast, án þess að sá sem gaf hafi fengið fleiri stig. Ef leikmaður sem meiddist / veiktist er skráður í aðra leiki í viðureigninni þá má, með samþykki beggja fyrirliða, setja inn varamann, ef hann er skráður í liðið og er á staðnum.
- Ef fresta þarf viðureign þarf það að gerast a.m.k þremur dögum fyrir settan leikdag og í samráði beggja liða. Tilkynna þarf breytinguna til BSÍ. Viðureignin skal spiluð áður en næsta umferð fer fram.
- Að hámarki má kalla inn 2 leikmenn af varamannalista í hverri umferð.
- Sé leikmaður kallaður inn í lið af varamannalista er leikmaðurinn skráður í það lið, er í því liði út tímabilið og ekki lengur á varamannalista.
- Leyfilegt er að fá einn leikmann að láni, úr liði félags í neðri deild upp í lið sama félags í efri deild, á hverjum leikdegi. Leikmaðurinn getur þá aðeins spilað með því liði en ekki upphaflegu liði sínu, þann dag. Tilkynna þarf um lánsmann (úr hvaða liði og í hvaða lið) þegar liðsuppstillingarblaði er skilað inn til BSÍ. Á næsta leikdegi er lánsmaðurinn aftur í sínu upprunalega lið.
- Verði lið jöfn að stigum í lok keppninnar ráðast úrslit af fjölda sigurleikja, þá mismun af unnum lotum og töpuðum, en loks af mismun unninna stiga og tapaðra. Ef enn er jafnt skal varpað hlutkesti um úrslitin.
- BSÍ er heimilt að skipta liðum í riðla ef þörf er á, og setja nánari reglur um keppni milli riðlanna.
- Hvert lið skal spila í liðsbúning.

- Alla leiki skal spila með kúlum sem BSÍ skilgreinir í mótisboði.

## 5. grein

### Umgjörð:

- Í Úrvalsdeild skulu liðin sjá um að dómari sé á öllum fimm leikjunum. Í 1. deild og 2. deild skulu liðin útvega teljara.

## 6. grein

### Ágreiningur – endurskoðun reglna:

- Komi upp ágreiningur í viðureign tveggja liða skulu fyrirliðar liðanna senda inn til BSÍ, á [deildakeppni@badminton.is](mailto:deildakeppni@badminton.is), skriflegar upplýsingar um ágreiningsatriðið.
- BSÍ mun ef þurfa þykir endurskoða og lagfæra reglur þessar yfir tímabilið en annars í lok tímabilsins.

*Samþykkt af stjórn BSÍ 30.10.23*